

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um fjárreiður stofnana og rannsóknarsetra sem heyra undir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hverjar voru fjárreiður, þ.e. helstu tekjustofnar og útgjaldaliðir, eftirfarandi stofnana og rannsóknarsetra árin 2009–2012:

- Fræðaseturs þriðja geirans,
- Mannfræðistofnunar,
- MARK – Miðstöðvar margbreytileika og kynjarannsókna,
- Miðstöðvar rannsóknarblaðamennsku á Íslandi,
- Rannsóknamiðstöðvar í þjóðfræði,
- Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum,
- Rannsóknarseturs um fólksflutninga og fjölmenningu,
- Rannsóknarstofu í vinnuvernd,
- Rannsóknasetursins Lífshættir barna og ungmenna,
- Rannsóknaseturs í safnafræðum,
- Rannsóknaseturs um fjölmiðlun og boðskipti,
- Rannsóknarstofu í afbrotufræði,
- Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd,
- Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf,
- Þjóðmálastofnunar,
- Rannsóknaseturs í skatta- og velferðarmálum?

Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Skriflegt svar óskast.

